

## Aðalfundur knattspyrnudeildar Breiðabliks

30. október 2018 kl. 17:30 fundarsal í Smáranum annari hæð



### 1. Kosning fundarstjóra og ritara

- Orri Hlöðversson, formaður knattspyrnudeildar Breiðabliks, setti aðalfundinn og bauð fundarmenn velkomna.
- Hann stakk upp á Þórólfi Heiðari Þorsteinssyni sem fundarstjóra og Flosa Eiríkssyni sem ritara og var það samþykkt.

### 2. Um fundinn

- Fundarstjóri tók við stjórn fundarins og fór yfir að á aðalfundi Breiðabliks árið 2017 var gerð lagabreyting um hvenær mætti halda aðalfundi deilda. Þannig er nú heimilt að halda aðalfundi eigi síðar en 15. apríl eða 15. nóvember hvers árs, allt eftir eðli starfseminnar. Var þetta m.a. gert svo að knattspyrnudeildin gæti haldið sína aðalfundi að hausti, sem þykir betra m.a. út frá stjórnarskiptum ofl.
- Er þetta því nýbreytni sem vonandi festir sig í sessi. Sá hængur er hins vegar á að endurskoðaður ársreikningur getur ekki legið fyrir á þessum tíma. Verður því að fresta þeim dagskrárlið til framhaldsaðalfundar, sem vonandi verður haldinn stuttu eftir áramót um leið og slíkur reikningur liggur fyrir
- Verður slíkur fundur boðaður með hefðbundnum hætti, m.a. á heimasíðu félagsins.
- Fundarstjóri fór yfir boðun fundarins en skv. 8. gr. laga Breiðabliks þarf að boða til fundar með tveggja vikna fyrirvari á heimasíðu félagsins
- Auglýsing var birt þann 16. október sl. á heimasíðu félagsins.
- Fundarstjóri lýsti því að til fundarins hefði verið boðað með lögmætum hætti og lýsti fundinn lögmætan. Engar athugasemdir voru gerðar við það.

### 3. Formaður leggur fram skýrslu stjórnar

- Orri Hlöðversson fór yfir skýrslu stjórnar.
- Hann byrjaði að ræða um nýja dagsetningu á aðalfundi, sem væri hluti af því að gera starf deildarinnar skilvirkara, auka ábyrgð og styrkja innviði rekstrarins.
- Fór síðan yfir stærð og umfang deildarinnar en iðkenda fjöldinn er kominn vel yfir 1600 manns. Allur þessi fjöldi kallar á gott skipulag og álag á þjálfara félagsins er gríðarlega mikið. Notaði hann tækifæri til að þakka þjálfurum fyrir frábæra vinnu.



- OH fór síðan yfir árangur meistaraflokka félagsins sem var frábær í sumar. Nefndi hann sérstaklega að honum teldist til að 55 til 60% leikmanna beggja liða séu leikmenn sem koma upp úr yngri flokka starfi Breiðabliks.
- Næst ræddi Orri aðstöðumál deildarinnar sem hafa verið í brennidepli á starfstíma stjórnarinnar. Rakti hann þá sögu alla í nokkuð ítarlegu máli og hvernig niðurstaðan væri til komin. Ræddi þar ákveðna óvissuþætti varðandi hraða á framkvæmdum og nauðsyn þess að reka vel á eftir því.
- Fjármál knattspyrnudeilda í landinu voru næsta umræðuefni Orra. Fór hann yfir þær áskoranir sem deildin stæði frammi fyrir. Taldi hann að fáar knattspyrnudeildir í landinu væru sjálfbæra að svo stöddu og einkiptistekjur eins og vegna sölu á leikmönnum skipta miklu máli. Það er jákvætt að deildinni hafi tekist að fjölga áhorfendum á leiki í sumar, sem má m.a. þakka átaki í að laga umgjörð í kringum leiki og eiga starfsmenn og sjálfboðaliðar hrós skilið.
- Það eru jákvæð teikn um að vörumerkið Breiðablik sé að styrkja sig og með því styrkist félagið inn á við, sjálfboðaliðum fjölgar og félagsstarfið fer í fastari skorður.
- Í lokin flutti hann svo öllu starfsfólki þakkar fyrir frábært samstarf á starfstíma fráfarandi stjórnar. Samstjórnarmönnum, meistaraflokksráðum, unglingaráði og öllum þeim til viðbótar sem hafa lagt hönd á plóginn þakkaði hann einnig fyrir frábær kynni og samstarf.

#### **4. Endurskoðaðir ársreikingar lagðir fram**

- Lögð var fram tillaga af hálfu fundarstjóra að stjórn deildarinnar í samstarfi við framkvæmdarstjóra boðaði til framhaldsaðalfundar um leið og endurskoðaður ársreikingur liggur fyrir og ársreikingur lagður þar fram til umræðu og samþykktar.
- Engar athugasemdir voru gerðar við tillöguna og taldist hún því samþykkt.

#### **5. Kosning formanns**

- Fyrir fundinum lá eitt skriflegt framboð til formanns, dags. 22. október sl., frá Orra Hlöðverssyni.
- Þar sem engin önnur framboð bárust innan framboðsfrest taldist Orri Hlöðversson sjálfkjörinn formaður knattspyrnudeildar Breiðabliks.

#### **6. Kosning stjórnar**

- Fyrir þessum fundi lágu sex skrifleg framboð til stjórnar, dags. 17., 19. 22. og 23. október sl. og voru það eftirfarandi einstaklingar sem buðu sig fram til stjórnar:



- i. Bjarni Bergsson
- ii. Flosi Eiríksson
- iii. Halldór Arnarson
- iv. Helgi Aðalsteinsson
- v. Ingibjörg Auður Guðmundsdóttir
- vi. Jóhann Þór Jónsson

- Þar sem engin önnur framboð bárust innan framboðsfrest töldust þau öll sjálfkjörin til stjórnar knattspyrnudeildar Breiðabliks.
- Herði Heiðari Guðbjörnssyni voru færðar sérstakar þakkir en hann gaf ekki kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn.

## 7. Önnur mál

- **Sveinbjörn Strandberg** spurðist fyrir um hvers vegna andláts Árna Guðmundssonar, fyrrverandi formanns deildar, væri ekki minnst á fundinum. Fundargestir rifjuðu upp að Árna hafði verið minnst fyrir heimaleik meistaraflokks karla í sumar, og liðið leikið með sorgarbönd.
- **Ólafur Björnsson**, þakkaði fráfarandi og nýkosinni stjórn, fór yfir hin fjölmenna fund, tók undir þakkir til Harðar. Minntist líka fráfalls Jóns Inga Ragnarssonar. Ræddi síðan framkvæmdir á Kópavogsvelli en lýsti jafnframt yfir áhyggjum af því að framkvæmdir myndu klárast fyrir keppnistímabilið og þar með að setja tímabil meistaraflokkanna í tvísýnu.
- **Sverrir Hauksson** – fór yfir nokkur atriði varðandi framkvæmdir á vellinum og skort á umræðum um skipulag á svæðinu í heild sinni.
- **Orri Hlöðversson** – svaraði þeim spurningum sem fram komu, ræddi síðan þann skort á samráði sem er af hálfu bæjarins um einstök atriði og framkvæmdaþætti. Stjórnin hefur kvartað yfir þeim framgangsmáta ítrekað. Enn sem komið eru framkvæmdir á áætlun en augljóst er að lítið má út af bregða.
- **Gunnar Þorvarðarson** – gerði athugasemd um hvort deildin hefði sett fram beiðni til bæjarins með formlegum hætti að bærinn geri grein fyrir heildarnýtingu á Kópavogsvellinum.
- **Orri Hlöðversson** – fór aðeins yfir þær breytingar sem yrðu þegar hluti frjálsíþróttastarfseminnar, og þá sérstaklega kastgreinar, færast út af vellinum og á Skotmóann.
- **Heiðar Heiðarson** – spurðist fyrir um notkun á gervigrasvelli.



- **Gunnar Gylfason** – fór aðeins yfir þær kröfur eins og hann þekkir sem UEFA gerir um gæði og notkun á gervigrasi og tímalengd. Sagði jafnframt frá prófunum sem gerð eru. Hann telur að gera megi ráð fyrir að endurnýja þurfi grasið á 5000 klukkutíma fresti. Þess vegna er þessi lausn ekki eins mikil bylting og nýr völlur við Fífuna hefði verið, sem hefði nýst betur fyrir yngri flokkanna. Fór líka nokkrum orðum um lýsinguna og hafa sterkari ljós.
- **Guðjón Már Sveinsson og Halldór Arnarsson** bættu við spurningum um notkun vallarins.
- **Einar Þorvarðarsson, bæjarfulltrúi** - sagði aðeins frá umræðu á vettvangi bæjarstjórnar um lýsingu, og las upp það sem samþykkt hefði verið á fundi hennar og lagði áherslu á að gætt yrði að því ekki yrðu gerð óafturkræf mistök við lýsingu.
- **Hákon Gunnarsson** – Þakkaði fráfarandi stjórn fyrir sín störf og taldi að þetta væri trúlega besta keppnistímabil félagsins frá upphafi. Rifjaði upp fund fyrir þremur árum um félagið, og það sem þar hefði komið fram.

Fundarstjóri þakkaði fundarmönnum fyrir góðan fund og frestaði fundi.

*Fundargerð: Flosi Eiríksson*

*Fleira ekki gert og fundi frestað klukkan 18:58.*